

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/733****2022/EES/10/17****frá 5. maí 2021**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 887/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/961 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir *Enterococcus faecium* CECT 4515 sem fóduraukefni og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1395 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 sem fóduraukefni (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Evonik Nutrition & Care GmbH hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á nafni leyfishafa að því er varðar framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 887/2011 <sup>(2)</sup>, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/961 <sup>(3)</sup> og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1395 <sup>(4)</sup>.
- 3) Umsækjandinn fullyrðir að Evonik Nutrition & Care GmbH hafi breytt heiti sínu í Evonik Operations GmbH. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.
- 4) Sú fyrirhugaða breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 5) Til að gera umsækjanda kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn undir heitinu Evonik Operations GmbH er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfisins.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 887/2011, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/961 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1395 til samræmis við það.
- 7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausu beitingu á breytingunni, sem er gerð á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 887/2011, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/961 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1395 með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirbyggjandi birgðir.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 158, 6.5.2021, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 322/2021 frá 10. desember 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 887/2011 frá 5. september 2011 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Norel SA) (Stjttíð. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 7).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/961 frá 7. júní 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sem fóduraukefni fyrir fráferugrúsi og um nýja notkun í drykkjarvatn fyrir fráferugrúsi og eldiskjúklinga og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2036/2005 og reglugerð (ESB) nr. 887/2011 (leyfishafi er Evonik Nutrition & Care GmbH) (Stjttíð. ESB L 145, 8.6.2017, bls. 7).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1395 frá 5. október 2020 um endurnýjun á leyfi fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga, um leyfi fyrir því fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1292/2008 (leyfishafi er Evonik Nutrition & Care GmbH) (Stjttíð. ESB L 324, 6.10.2020, bls. 3).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 887/2011**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 887/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað orðanna „leyfishafi er Evonik Nutrition & Care GmbH“ í titlinum koma orðin „leyfishafi er Evonik Operations GmbH“
- 2) Í stað orðanna „Evonik Nutrition & Care GmbH“ í öðrum dálki viðaukans, nafn leyfishafa, koma orðin „Evonik Operations GmbH“.

2. gr.

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/961**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/961 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað orðanna „leyfishafi er Evonik Nutrition & Care GmbH“ í titlinum koma orðin „leyfishafi er Evonik Operations GmbH“
- 2) Í stað orðanna „Evonik Nutrition & Care GmbH“ í öðrum dálki viðaukans, nafn leyfishafa, koma orðin „Evonik Operations GmbH“.

3. gr.

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1395**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1395 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað orðanna „leyfishafi er Evonik Nutrition & Care GmbH“ í titlinum koma orðin „leyfishafi er Evonik Operations GmbH“
- 2) Í stað orðanna „Evonik Nutrition & Care GmbH“ í öðrum dálki viðaukans, nafn leyfishafa, koma orðin „Evonik Operations GmbH“.

4. gr.

**Umbreytingarráðstafanir**

Fyrirliggjandi birgðir aukefnanna, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppunar.

5. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*